

- 135** Athugasemdir: 1. Andvanafœdd börn kallast þau, er koma í heiminn eftir 28. meðgönguviku, annaðhvort dauð eða svo, að ekki tekst að lifga þau.  
2. Um fóstur, sem fœðast fyrir lok 28. meðgönguviku, þarf eigi að senda presti neina skýrslu.

yfirsetuhjeraði í

sýslu

dag

mán. 18.

**136**

30. nóv.

**Auglýsing**

um póstmál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 7. þ. m. samþykkt þessar breytingar á auglýsingu 3. maí 1872, 2., 7. og 8. gr.;

- 1, að póstafrgreiðslan á Eyðum sje lögð niður og færð að Kollstöðum í Vallnahrepp, og skuli aðalpóstarnir, bæði frá Akureyri og Prestsbakka, látnir halda þangað;
- 2, að aukapóstur fari frá Kollstöðum til Eskifjarðar, undir eins og aðalpóstarnir eru þangað komnir, en aptur sje aukapóstleiðin milli Seyðisfjarðar og Eskifjarðar lögð niður;
- 3, að brjefhirðing sje sett á Arnkellsstöðum í Skriðdal;
- 4, að brjefhirðingin á Fossvöllum sje færð að Hofteigi í Jökuldal;
- 5, að póstafrgreiðslan á Melum sje færð að Stað í Hrótafirði;
- 6, að aukapóstur sá, er fer frá Hjarðarholti í Dölum út í Stykkishólum og þaðan um Snæfells- og Hnappadalssýslu og vestur í Stykkishólum aptur, leggi leið sína kringum Snæfellsjökul og komi við í Ólafsvík og á Ingjaldshóli, og að sett sje brjefhirðing í Ólafsvík; og loks
- 7, að Barðastrandarsýslupóstur fari um á Vatneyri við Patreksfjörð á leiðinni frá Brjámslæk að Bíldudal, en haldi þaðan aptur beina leið suður að Brjámslæk; og sje sett brjefhirðing á Vatneyri.

Þessar breytingar öðlast gildi 1. janúar 1878.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, 30. nóvbr. 1872.

**Hilmar Finsen.***Jón Jónsson.***137**

30. nóv.

**Áætlun**

um 3 fyrstu ferðir landpóstanna árið 1878.

Með því að ferða-áætlunin fyrir póstgufuskipin árið 1878 eftir brjefi 10. þ. m. frá yfirstjórn hinna dönsku póstmála er eigi send mjer enn, heldur er mjer að eins skýr frá, að fastráðið sje, að láta póstskipið byrja fyrstu ferðina frá Kaupmannahöfn 1. marz 1878, og leggja af stað frá Reykjavík aptur 23. s. m., og með því að nauðsynlegt er, að koma ferðaáætlun landpóstanna í sem nánast samband við ferðaáætlun póstgufuskipanna, verður aðal-ferðaáætlun landpóstanna árið 1878 eigi til búin, fyr en jeg fæ póstskipa-ferðaáætlunina, í lok marzmánaðar árið sem kemur.

Aptur á móti er hjer með svo fyrir mælt, að *þrem fyrstu ferðum landpóstanna 1878* skal hagað samkvæmt ferðaáætlun þeirri handa landpóstunum, er birt var 30. nóvember 1876, um árið, sem nú er að líða, og skulu því landpóstarnir leggja af stað frá enda-

stöðvum póstleiðanna þann dag, er til er tekinn til hvernar ferðar í þeirri áætlun, og mega eigi leggja af stað frá millistöðvunum fyrir þann dag, er til er tekinn um hverja þeirra um sig í tjeðri áætlun. 137  
30. nóv.

Samkvæmt þessu eiga póstarnir að byrja 3 fyrstu póstferðirnar sem hjer segir:

*A. Aðalpósturinn milli Ísafjarðar og Reykjavíkur.*

I.	II.	III.
Frá Ísafirði 13. jan. 1878.	3. marz 1878.	21. apríl 1878.
— Reykjavík 4. febr. —	26. — —	8. maí —

*B. 1. Aðalpósturinn milli Reykjavíkur og Akureyrar.*

I.	II.	III.
Frá Akureyri 13. jan. 1878.	3. marz 1878.	22. apríl 1878.
— Reykjavík 3. febr. —	24. — —	7. maí —

*B. 2. Aðalpósturinn milli Akureyrar og Seyðisfjarðar.*

I.	II.	III.
Frá Seyðisfirði 25. jan. 1878.	20. marz 1878.	15. maí 1878.
— Akureyri 25. febr. —	12. apríl —	29. — —

*C. 1. Aðalpósturinn milli Reykjavíkur og Prestsbakka.*

I.	II.	III.
Frá Reykjavík 2. febr. 1878.	27. marz 1878.	9. maí 1878.
— Prestsbakka 21. — —	11. apríl —	23. — —

*B. 2. Aðalpósturinn milli Prestsbakka og Seyðisfjarðar.*

I.	II.	III.
Frá Prestsbakka 22. febr. 1878.	10. apríl 1878.	24. maí 1878.
— Seyðisfirði 16. marz —	5. maí —	17. júní —

Um það, hve nær aukapóstarnir eiga að leggja af stað, standa sömu reglur og settar eru í auglýsingu 30. nóvember 1876, þó með þessum breytingum, er leiðir af auglýsingu minni dags. í dag.

1. Barðastrandarsýslupóstur fer frá Bæ í Reykhólasveit morguninn eftir að Reykjavíkarpóstur kemur þangað, og leggur leið sína um *Brjámslæk* og *Vatneyri við Patreksfjörð* og norður að *Bíldudal*, stendur þar við 1 dag, og snýr síðan aptur suður að Bæ, og kemur þá við á *Brjámslæk*. Í fyrstu ferðinni má þessi póstur eigi fara frá *Bíldudal* fyr en 1. marz, en hoga verður hann þó svo ferðum sínum, að hann verði kominn að Bæ áður en *Ísafjarðarpósturinn* leggur af stað þaðan 5. marz.
2. Snæfellsnessýslupóstur og aðalpósturinn skulu hittast í *Hjarðarholti* í *Dölum*, eins og segir í auglýsingu 30. nóvbr. f. á. Frá *Stykkishólmi* verður pósturinn að fara af stað svo snemma, að hann komist alla leið kringum *Snæfellsjökul* að *Báðum*, þaðan inn að *Rauðkollsstöðum* og suður að *Staðarhrauni*, og síðan vestur í *Stykkishólm* aptur, áður en hann á að leggja af stað þaðan inn að *Hjarðarholti* í *Dölum*, eftir því, sem að framan segir.
3. *Eskifjarðarpóstur* fer frá *Kollstöðum* daginn eftir að bæði pósturinn milli *Akureyrar* og

137  
30. nóv.

Seyðisfjarðar, og pósturinn milli Prestsbakka og Seyðisfjarðar er þangað kominn, stendur við 3 daga á Eskifirði og snýr síðan aptur sömu leið; þó verður hann að haga svo ferð sinni, að hann verði kominn að Kollstöðum aptur í síðasta lagi 16. marz, 5. maí 17. júní 1878. Skyldi svo fara, sem ólíklegt er, að framangreindir aðalpóstar yrðu eigi komnir báðir að Kollstöðum 10. marz, 1. maí eða 12. júní, heldur að eins annar þeirra, verður Eskifjarðarpóstur að fara af stað frá Kollstöðum þessa daga til þess að geta verið kominn þangað aptur framangreinda daga og hitt þar aðalpóstinn suður að Prestsbakka, sem á að fara frá Kollstöðum daginn eptir.

Með það, sem pósturinn, sem kemur eigi að Kollstöðum fyrir en eptir tiltekinn tíma, hefir meðferðis, verður sendur maður gagngjört á Eskifjörð og látinn standa þar við 1 dag, og snúa síðan aptur til Kollstaða.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 30. nóvbr. 1877.

### Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

#### EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 5. dag nóvembermán. hefir hans hátign konunginum þóknast allramildlegast að skipa sýslumanninn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu Skúla Magnússon til að vera sýslumann í Dalasýslu frá 6. júní n. á.

7. s. m. hefir hans hátign konunginum þóknast allramildlegast að skipa fyrra meðdómmandann í hinum íslenska landsyfrrjetti Jón Pjetursson til að vera dómstjóra í tjeðum rjetti, og annan meðdómmanda og dómsmálaritara í sama rjetti Magnús Stephensen til að vera fyrra meðdómmanda. Jafnframt þessu hefir hans hátign fallit á, að konungsúrskurði frá 12. apríl 1834 sje breytt þannig, að fyrri meðdómmandinn í landyfrrjettinum, sem hingað til hefir haft þóknun fyrir að snúa af íslenzku á dönsku rjettargjörðum í opinberum málum og gjaf-flutningsmálum, sem skotið hefir verið til hæztarjettar, gjöri þetta borgunarlaust eptirleiðis.

29. s. m. skipaði landshöfðingi prestinn í Mývatnsþingum í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi síra Jón Þorsteinsson til að vera prest að Húsavík í sama prófastsdæminu.

#### ÓVEITT EMBÆTTI,

sem ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um.

Embættið sem annar meðdómmandi og dómsmálaritari í hinum konunglega íslenska landsyfrrjetti; árslaun 4000 kr. Ef nokkur, sem ekki er Íslendingur, beiðist embættis þessa, ber honum samkvæmt konungsúrskurðum frá 8. apríl 1844, 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 að láta fylgja bónarbrjefi sínu tilhlýðilegt vottorð um kunnáttu sína í íslenzkri tungu.

Auglýst 10. nóvbr. 1877.

Bónarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans fyrir 6. apríl 1878.

Sýslumannsembættið í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu í vesturumdæminu, og verður það veitt frá 6. júní 1878.

Tekjur embættisins má sem stendur ætla á, að sjeu hjer um bil 2500 kr. á ári.

Sá, sem skipaður verður í embætti þetta, er skyldur að sætta sig við breytingar þær á launum embættisins, er kynnu að leiða af því, að embættið yrði launað föstum launum.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, ber þeim hinum sömu samkvæmt konungsúrskurðum frá 8. apríl 1844, 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 að láta fylgja bónarbrjefum sínum tilhlýðilegt vottorð um kunnáttu sína í íslenzkri tungu.

Auglýst 10. nóvbr. 1877.

Bónarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans fyrir 6. apríl 1878.

#### ÓVEITT EMBÆTTI,

er landshöfðingi hlutast til um.

Mývatnsþingaprestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, metið kr. 554,79, auglýst 1. desbr.

Sá, sem fær þetta brauð, getur átt von á að fá 200 kr. árs-styrk af því fje, sem veitt er í fjárlögum 1878 og 1879 13. gr. A. b. 1. —  $\frac{3}{4}$  úr jörðinni Skútustöðum eru keyptir fyrir prestssetur og hvilir því árleg afborgun, að upphæð 246 kr., á prestakallinu.